

15. júlí 1977.

189

Nr. 55.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og
spærlingsafurðum á árinu 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að draga úr sókn íslenskra fiskiskipa í fiskistofna þá, sem eru í verulegri lægð um þessar mundir, sérstaklega þorsstofninn, og leggja þess í stað kapp á að auka veiðar á öðrum tegundum, sérstaklega kolmunna og spærlingi. Er nauðsynlegt eins og á stendur í þessu skyni, að fella niður útflutningsgjöld þau, sem lögð eru á kolmunna- og spærlingsafurðir með lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum og þykir rétt að slík hvatning til aukinnar sóknar í þessar tegundir verði í gildi til ársloka 1977.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnar-skrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Útflutningsgjöld af kolmunna- og spærlingsafurðum, samkvæmt lögum nr. 5 13. febrúar 1976, eru felld niður frá gildistöku þessara laga til ársloka 1977.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. júlí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.